

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

5. tbl. 4. árg.

12. maí 2026



Myndin hér að ofan var tekin í byrjun maí þegar starfsmenn Þjónustumiðstöðvar stóðu í ströngu við að fjarlægja gervigras af sparkvellinginum við íþróttamiðstöðina. Nýtt og betra gervigras verður lagt á völlinn á næstu dögum.

Sveitarstjórnarkosningar 2026

Sveitastjórnarkosningar fara fram laugardaginn 16. maí. Tveir listar bjóða fram í sveitarfélaginu Stykkishólmi, H-listinn og Íbúalistinn. Báðir listar hafa borið út stefnuskrá og auglýst opnunartíma á kosnin-

gaskrifstofum þar sem íbúar geta kynnt sér málefni listanna. Íbúar eru hvattir til að kynna sér málefni listanna beggja og nýta kosningaréttinn. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst 17. apríl síðastliðinn. Minnt

er á að kjörskrá liggur frammi í afgreiðslu Ráðhússins.

Kjörfundur í Sveitarfélaginu Stykkishólmi vegna sveitarstjórnarkosninga 2026 fer fram í Grunnskólanum

í Stykkishólmi, að Borgarbraut 6, laugardaginn 16 maí, frá kl. 10:00 til 22:00. Kosningarétt hafa allir sem eru 18 ára og eldri og eru á kjörskrá. Kjósendur skulu hafa persónuskilríki meðferðis.

Samningur um frekari uppbyggingu í Víkurhverfi undirritaður



Jakob Björgvin og Sævar Harðarson undirrituðu samninginn.

Mánudaginn 13. apríl sl. var ritað undir viljayfirlýsingu um uppbyggingu í Víkurhverfi. Samkvæmt fyrirliggjandi áformum er gert er ráð fyrir að Skipavík ehf. komi til með að byggja upp 14-28 íbúðareiningar í nýjum hluta hverfisins vestur af Borgarbraut, en í gildandi deiliskipulagi er heimild til að byggja 21-32 íbúðir. Í áformum Skipavíkur er lagt til að

byggja parhús, einbýli og raðhús. Gert er ráð fyrir að uppbyggingu ljúki innan átta ára fá gildistöku deiliskipulags en deiliskipulag skal hafa tekið gildi fyrir apríl 2027.

Bæjarstjórn Stykkishólms samþykkti viljayfirlýsingu á 45. fundi sínum en undir hana rituðu, fyrir hönd sveitarfélagsins, Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri,

og fyrir hönd Skipavíkur ehf. Sævar Harðarson.

Sveitarfélagið auglýsti í ágúst mánuði síðasta árs eftir áhugasömum aðilum til viðræðna um samstarf við skipulag og uppbyggingu íbúðarsvæðis vestan Borgarbrautar í Víkurhverfi í Stykkishólmi. Skipavík ehf. sóttist eftir verkefninu og hefur í kjölfar kynnt fyrirætlunir sínar fyrir bæ-

jarráði, bæjarstjórn og skipulagsnefnd.

Samkvæmt viljayfirlýsingunni mun Skipavík ehf. annast og bera kostnað af gatnagerð, fráveitu og uppsetningu ljósastaura á svæðinu, en sveitarfélagið annast meðal annars yfirborðsfrágang, malbikun og gangstéttar. Í stað þess verður ekki innheimt gatnagerðargjald vegna bygginga á svæðinu.

Viljayfirlýsingin kveður einnig á um tímasett skilyrði fyrir framgangi verkefnisins. Verði ekki lagt fram deiliskipulag innan tilskilins tíma eða uppbygging dragist um of getur yfirlýsingin fallið úr gildi og sveitarfélagið tekið yfir úthlutun lóða.

Næstu skref snúa því að vinnu við deiliskipulagsgerð fyrir svæðið.



Valbjörn Snær, nýráðinn aðstoðarskólustjóri Tónlistarskóla Stykkishólms.

Valbjörn Snær ráðinn aðstoðarskólustjóri við Tónlistarskóla Stykkishólms

Sveitarfélagið auglýsti í byrjun apríl lausa stöðu aðstoðarskólustjóra við Tónlistarskóla Stykkishólms. Umsóknarfrestur var til 22. apríl og hefur nú verið gengið frá ráðningu í starfið. Valbjörn Snær Lillendahl hefur verið ráðinn í starfið en hann he-

fur undanfarið gengt stöðu gítarkennara við skólann. Auk stjórnunarstöðunnar mun Valbjörn, sem jafnan er kallaður Valli, áfram sinna gítarkennslu. Sveitarfélagið óskar Valla hjartanlega til hamingju með nýja hlutverkið og velfarnaðar í starfi.

Sumarið hófst með grilluðum pylsum



Gísli Pálsson, formaður umhverfis- og náttúruverndarnefndar, tók sig vel út við grillið á stóra plockdeginum.

Það jafnast fátt á við grillaðar pylsur á góðviðrisdegi snemma sumars þegar gróðurinn er að taka við sér og fuglarnir syngja. Tvisvar

með stuttu millibili nutu fjölmargir íbúar slíkra daga í lok aprilmánaðar en sumardagurinn fyrsti var haldin hátíðlegur um land allt fimmtudag-

inn 23. apríl. Foreldrafélag Grunnskólans í Stykkishólmi stóð fyrir fjölskylduskemmtun á íþróttavellinum í tilefni dagsins og að fjöri

loknu var boðið upp á grillaðar pylsur. Veðrið var gott og fjöldi fólks mætti til að fagna komu sumarsins. Þá bauð sveitarfélagið börnum og foreldrum/forráðamönnum frítt í sund í tilefni dagsins.

Stóri plockdagurinn fór svo fram sunnudaginn 26. apríl. Sveitarfélagið stóð fyrir plockviðburði en í ár var áhersla lög á að plocka í Víkurhverfi. Þar hafði víða safnast rusl í skurðum og fjöru. Hreinsun gekk vel og mátti bersýnilega sjá mikinn mun á svæðinu eftir plockið. Góður hópur tók þátt í plockaðgerðum og var að verki loknu var boðið upp á grillaðar pylsur við Kakkelovnholt.



Brosmdirir íbúar leggja sitt af mörkum til samfélagsins.



Jakob Björgvin, bæjarstjóri, fann dauðan mink.

Jákvæð rekstrarniðurstaða og rekstur styrkist enn frekar milli árata

Rekstur Sveitarfélagsins Stykkishólms skilar umtalsverðum hagnaði samkvæmt ársreikningi 2025, sem tekinn var til fyrri umræðu á bæjarstjórnarfundi 30. apríl 2026. Ársreikningurinn endurspeglar traustan rekstur sem hefur styrkst verulega milli ára.

Umtalsverður hagnaður og rekstur sjálfbær

Samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins 2025 var rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði jákvæð um 353 millj. kr. og rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var jákvæð um 246 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 96 millj. kr., en fjárhagsáætlun með viðaukum hafði gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 100 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 3 millj. kr.

Eigið fé sveitarfélagsins (heildareignir að frádregnum heildarskuldum) var 1.265 millj. kr. árið 2025, en var 1.080 millj. kr. árið 2024 og hækkaði því um 186 millj. kr. milli ára. Eignir sveitarfélagsins eru samkvæmt ársreikningi samtals 4.826 millj. kr., en bókfært verð

endurspeglar hins vegar ekki markaðsverð allra eigna sveitarfélagsins sem er umtalsvert hærri tala. Heildarskuldir og skuldbindingar eru um 3.560 millj. kr., en þar af eru langtímaskuldir við lánastofnanir 2.364 millj. kr. Aðrar kuldir í heildarskuldum, þ.e. annað en langtímaskuldir við lánastofnanir, eru skuldbindingar sem sveitarfélög geta haft minni áhrif á frá einu ári til annars, voru langtímahluti lífeyrisskuldbindinga 443 millj. kr. (lífeyrisskuldbinding er skuld vinnuveitanda vegna lífeyris starfsmanna), skuld við búseturéttarhafa 115 millj. kr. (íbúa sem búa á Höfðaborg) og allar skammtímaskuldir sveitarfélagsins 637 millj. kr. (kuldir sem greiðast á næstu 12 mánuðum, t.d. ógreiddir reikningar, skattaskuldir o.fl.).

Rekstrartekjur samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta námu 2.709 millj. kr. á árinu en þar af námu rekstrartekjur A hluta 2.444 millj. kr. Rekstrartekjur A og B hluta jukust um 7% milli ára. Rekstrargjöld jukust um 5% milli ára og eru 3% hærri en áætlun með viðaukum hafði gert ráð fyrir.

Veltufé frá rekstri á árinu 2025 nam 291 millj. kr. og styrktist verule-

ga milli ára. Afborganir langtímalána námu 231 millj. kr. Sveitarfélagið náði því markmiði sínu um fjárhagslega sjálfbærni á árinu 2025 enda stóð veltufé frá rekstri undir afborgunum langtímalána og vel það. Handbært fé í árslok nam 63 millj. kr. og lækkaði um 10 millj. kr. á árinu.

Fjárfestingar árið 2025 – fjárfesting til að mæta fjölgun íbúa

Í sveitarfélaginu hefur verið stöðug íbúafjölgun síðustu 10 árin og ef íbúapróun heldur áfram sem fram horfir má gera ráð fyrir að íbúafjöldi Stykkishólms og Helgafellssveitar nái sögulegu hámarki á árinu 2026. Íbúafjölgun kallar eðli máls samkvæmt á uppbyggingu innviða til samræmis við það. Þann 2. apríl sl. var íbúafjöldi í sveitarfélaginu 1356.

Það er óhætt að segja að árið 2025 hafi verið ár framkvæmda, m.a. til að mæta þessari jákvæðu íbúapróun. Samkvæmt ársreikningi námu fjárfestingar sveitarfélagsins 495 millj. kr. og voru helstu fjárfestingar sveitarfélagsins eftirfarandi:

Uppbygging í Víkurhverfi

- Frágangur innviða

og áframhaldandi þróun nýs íbúðarhverfis og undirbúningur tengdur frekari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis

Viðbygging og endurbætur við Grunnskólann í Stykkishólmi

- Um 350 m² viðbygging
- 200 m² nýjar kennslustofur og kennslurými
- 150 m² rými fyrir tólmstunda- og æskulýðsstarf (Regnbogaland)

Endurbætur á Sundlaug Stykkishólms

- Nýtt snjóbræðslukerfi
- Endurnýjun allra potta
- Uppsetning nýs saunaklefa og innfra- rauðrar saunu

Íþróttamannvirki

- Nýtt parket á íþróttagólf í Íþróttamiðstöð

Gatna- og innviðaframkvæmdir/ Malbikun

- Aðalgata (frá Bónus að Búðanesvegi í samvinnu við Vegagerðina)
- Borgarbraut
- Víkurhverfi
- ýmsir smærri kaflar, t.d. á Skólastíg
- Endurnýjun fráveitulagna við Aðalgötu
- Lagnavinna við

- Borgarbraut og víðar
- Umferðaröryggi
 - Hraðatakmarkandi aðgerðir á Silfurgötu

Lántökur á árinu 2025 námu 325 millj. kr. og afborganir langtímalána voru 231 millj. kr. eins og áður sagði, en lántökur ársins voru umfangsmeiri í ár en síðustu ár

vegna framangreindra fjárfestinga.

Skuldaviðmið og skuldahlutföll


Skuldaviðmið A og B hluta Sveitarfélagsins Stykkishólmur í árslok 2025 var 111% og er langt undir lögbundnu hámarki sem er 150%

samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en rekstrarjöfnuður A og B hluta síðastliðinna þriggja ára er jákvæður um 78 millj. kr. og er það ánægjulegur viðsnúningur þar sem hann hefur verið neikvæður frá og með árinu 2021. Er það í samræmi við fjárhagsáætlanir sveitar-


félagsins sem gerðu ráð fyrir því að rekstrarjöfnuður næði jafnvægi í árslok 2025.

Hér að neðan má yfirlit yfir þróun skuldaviðmiðs og skuldahlutfalls hér sveitarfélaginu samkvæmt rauntölum til 2025 og áætlun 2026-2029:

Skuldaviðmið



Skuldahlutfall



Kjörtímabilið í heild sinni - afborganir lána hærri en nýjar lántökur

Þar sem um er að ræða síðasta ársreikning sem birtur er á yfirstandan- di kjörtímabili, er ágætt að setja fjárfestinga og lántökur á kjörtíma- bilinu í samhengi við heildar langtímaskuldir sveitarfélagsins.

Á kjörtímabilinu hefur verið fjárfest umtalsvert í nýjum nauðsynlegum innviðum, án þess að

auka skuldir með ný- jum lántökum um- fram afborganir á hö- fuðstól langtímalána. Til nánari upplýsin- ga og til samanburðar hefur heildarlántaka sveitarfélagsins á þes- su kjörtímabili (2022- 2025) verið samtals um 865 millj. kr. á meðan fjárfestingar sveitar- félagsins á sama tímabi- li hefur verið um 1.255 millj. kr. Afborganir langtímalána á sama tímabili voru um 876 millj. kr. Verðbætur

hafa verið á tímabilinu 561 millj. kr. á meðan langtímaskuldir við lánastofnanir hafa hæk- kað um 469 mill. kr., úr 2.146 millj. kr. í 2.615 millj. kr.

Þrátt fyrir framangrein- da fjárfestingar um 1,250 millj. kr. á kjörtíma- bilinu hafa afborganir langtímalána verið hær- ri en nýjar lántökur, sem þýðir að nettó lántaka er lægri en afborganir. Langtímaskuldir hafa hækkað á sama tíma,

en sú hækkun skýrist að meginhluta til af verðbótum á verðtryg- gðum lánnum en ekki af nýjum lántökum sveit- arfélagsins. Þá er raun- breyting skulda lægri en verðbætur gefa til kynna. Það er því óhætt að fullyrða að þrátt fyrir umfangsmiklar fjárfest- ingar í nauðsynlegum innviðum á kjörtímabi- linu, sérstaklega undan- farin tvö ár, hefur verið gætt að hóflegri skuld- setningu og tryggt að hér sé viðhöfð ábyrg



fjármálastjórn.

„Það er ánægjulegt að enda þetta kjörtímabil á góðum ársreikningi sem endurspeglar ágætlega hvernig raunstaðan er. Sveitarfélagið hefur fjárfest umtalsvert í nauðsynlegum innviðum undanfarin ár, sem bætt hefur þjónustustig í sveitarfélaginu og mætt þörfum stofnana þess, á sama tíma og það hefur staðið undir afborgunum og haldið skuldsetningu í lágmarki. Þróun skulda sveitarfélagsins skýrist að

meginhluta af verðbólgu og verðbótum á lánum en ekki aukinni lántöku, og langtímaskuldir eiga sér mun lengri sögu en síðustu fjögur ár.

Það er því óhætt að segja að niðurstaða fyrirliggjandi ársreiknings, ásamt niðurstöðum fyrri ára, endurspeglar því sterka fjármálastjórn og ábyrgan rekstur, á sama tíma og sveitarfélagið hefur mætt jákvæðum áskorunum vegna fjölgunar íbúa með markvissri uppbyggingu innviða. En það má alltaf gera betur,“

segir Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.

Ársreikningur sveitarfélagsins 2025 var kynntur fimmtudaginn 7. apríl sl. í Amtsbókasafni Stykkishólms þar sem íbúum gafst kostur á að spyrja og gera athugasemdir.

Bæjarstjórn samþykkti ársreikning með 4 atkvæðum H-lista en fulltrúar Í-lista sátu hjá.

Fundargerð er aðgengileg á stykkisholmur.is.

Sameiginlegur fundur beggja framboðslista

Sameiginlegur framboðsfundur beggja lista sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga í Stykkishólmi 2026 fer fram í sal Tónlistarskóla Stykkishólms fimmtudaginn 14. maí kl. 17:00.

Á fundinum ávarpa framboðendur viðstadda og taka svo við spurningum úr sal. Íbúar eru hvattir til að mæta og hlýða á framboðendur.

Hátíðarhöld á verkalyðsdaginn



Jón Jónsson keyrði upp mikla stemmningu á verkalyðisdaginn.

Verkalyðsfélag Snæfellinga, Kjölur og Sameyki stóðu fyrir hátíðahöldum á verkalyðsdaginn, 1. maí, á Snæfellsnesi. Dagskráin hófst á Fosshótel Stykkishólmi kl. 13:30.

Kynnir var Þóra Sonja Helgadóttir, verkefnastjóri Kjalar í Stykkishólmi og ræðumaður Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu-rannsóknarstofu vinnumarkaðarins.

Nemendur Tónlistarskóla Stykkishólms buðu gestum upp á glæsileg tónlistaratriði. Þær Dilja og Iðunn, nemendur 7. bekkjar, sungu sitt hvort lagið við mikla hrifningu viðstadda. Auk þess

kom tónlistarmaðurinn þekkti Jón Jónsson fram og uppskar mikil fagnadarlæti. Raunar varð stemmningin svo góð að stór halarófa gekk litla kröfugöngu um sal hótelsins í tilefni dagsins við undirleik Jóns, sem jafnframt stýrði göngunni. Að skemmtiatriðum loknum var boðið upp á kaffi og veitingar.

Sveitarfélagið Stykkishólmur gefur út fréttaritið *Helstu fréttir mánaðarlega*.

Fréttir og umbrot *blaðsins annast Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra*.

Fjöldi fólks skoðaði nýja aðstöðu Aftanskin



Strákarnir fara yfir málin yfir kaffibolla.

Aftanskin, félag eldri borgara í Stykkishólmi, bauð gestum og gangandi í opið hús í Samkomuhúsinu í Stykkishólmi þann 16. apríl síðastliðinn.

Eins og greint hefur verið frá í fréttum frá sveitarfélaginu hafa Sveitarfélagið Stykkishólmur og Aftanskin, félag eldri borgara í Stykkishólmi, gert með sér samkomu-

lag um afnot af Samkomuhúsinu við Aðalgötu 6. Aftanskin mun nýta húsnæðið undir tómsundur á borð við smíðar og fleira. Einnig hefur félagið heimilað Golfklúbbum Mostra að nýta hluta hússins fyrir golfhermi.

Í Samkomuhúsinu hafa nú verið settir upp milliveggir til að skilja á milli rýma. Búið er að



Rennibekkurinn dró þessa að sér.

útbúa sér rými fyrir rennibekki auk þess sem aðalsalnum hefur verið skipt í tvennt. En í fremri hluta salsins hefur golfklúbburinn sett upp golfhermi. Líkt og áður hefur komið fram hefur verið sett upp öflugt loftskiptakerfi með varmaendurvinnslu í húsinu og útsog í kjallara með röraviftu til að tryggja góð loftgæði.

Á stuttum tíma hefur mikið áunnist og ákváðu því félagsmenn Aftanskin að bjóða í opið hús þar sem gestum og gangandi gafst kostur á að sjá breytingar á húsnæðinu, kynna starfseminni og forvitnast um framhaldið. Mjölmarginir gerðu sér ferð í samkomuhúsið til að líta breytingarnar augum.

Vortónleikar Lúðrasveitar Stykkishólms



Lúðrasveit Stykkishólms heldur vortónleika í Stykkishólmskirkju á uppstigningadag, fimmtudaginn 14. maí kl. 14:00. Eftir tónleika

verða seldar kaffiveitingar til styrktar utanlandsferðar lúðrasveitarinnar. Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir.

Nýtt torf og nýr kantsteinn



Framkvæmdir standa nú yfir við Aðalgötu og Borgarbraut í Stykkishólmi. Búið er að fjarlægja kantstein og

gras meðfram götunni en nýr kantsteinn verður steypur á næstu dögum og nýtt torf lagt niður í kjölfarið.

Framkvæmdir við Stykkishólmsveg hafnar



Vegfarendur á mölinni uppúr bænum.

Framkvæmdir við Stykkishólmsveg eru hafnar. Búið er að fræsa slitlag ofan af veginum frá afleggjara á Búðanesveg og uppúr bænum en nú í sumar verður vegurinn endurbættur og breikkaður fram yfir Þingval-

laafleggjara. Framkvæmdirnar ná yfir um 3,4 kílómetra kafla og fela í sér breikkun og styrkingu vegar, nýlögn ræsa og nýlögn á bundnu slitlagi. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði 8 metra breiður,

með tveimur 3,5 m breiðum akbrautum og 0,5 m breiðum öxlum. Fyrirhugað er svo útboð Vegagerðarinnar á endurbótum á Snæfellsnesvegi nr. 54, Stykkishólmsvegur - Svelgsá. En við sameiningu Styk-

kishólmsbæjar og Helgafellssveitar árið 2022 var einmitt mikil árherla lögð á endurbætur á þeirri leið. Gert er ráð fyrir að verkið fari í útboð á næstu dögum

Opin kynning á ársreikningi sveitarfélagsins

48. fundur bæjarstjórnar Stykkishólms fór fram fimmtudaginn 7. maí sl. á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi. Tvö mál voru á dagskrá fundar en það síðara var Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2025. Venju samkvæmt var bæjarstjórnarfundur streymt í beinni útsendingu en að lokinni kynningu á ársreikning var útsendingu

slitið og gafst þá viðstöddum færa á að spyrja eða gera athugasemdir vegna ársreiknings en íbúar voru hvattir til að mæta og fylgjast með umræðum og yfirferð vegna ársreiknings. Hátt í fimmtíu manns mættu á fundinn en ennþá er hægt að horfa á fundinn á youtuberás sveitarfélagsins, [youtube.com/svf.stykkisholmur](https://www.youtube.com/svf.stykkisholmur).



Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, sem gengt hefur stöðu forseta bæjarstjórnar sl. átta ár, stýrði sínum síðasta bæjarstjórnarfundum.